



Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Miðstöð símenntunar á Vestfjörðum

Samantekt um árið 2005

Starfsáætlun 2006



Efnisyfirlit

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða	3
Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða	3
Starfsfólk	4
Samantekt um árið 2005.....	5
Húsnæði og búnaður	5
Sí- og endurmenntun	5
Háskólastigið.....	10
Markviss og önnur ráðgjöf.....	10
Vika símenntunar	10
Ráðstefnur og sérverkefni	11
Samstarf	12
Háskólasetur Vestfjarða	12
Kvasir	12
Leikn	12
FS-netið og Menntabré	13
Fjölmenningssetur	13
Dreifmenntarverkefnið.....	13
Annað samstarf	13
Starfsáætlun 2006.....	14
Viðaukar	17
Viðauki I	17
Viðauki II	19
Viðauki III.....	21
Viðauki IV	23

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er skipað einum aðila frá hverjum stofnenda miðstöðvarinnar og einum til vara. Eftirtalin skipa fulltrúaráðið.

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafulltrúi
Alþýðusamband Vestfjarða	<i>Lilja Rafney Magnúsdóttir</i>	<i>Helgi Ólafsson</i>
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	<i>Aðalsteinn Óskarsson</i>	<i>Jóna Valgerður Kristjáns- dóttir</i>
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum	<i>Anna Kristín Svans- dóttir</i>	<i>Gylfi Guðmundsson</i>
Fjórðungssamband Vestfjarða	<i>Guðni Geir Jóhannesson</i>	<i>Birna Lárusdóttir</i>
Menntaskólinn á Ísafirði	<i>Ólína Þorvarðardóttir</i>	<i>Guðbjartur Ólason</i>
Náttúrustofa Vestfjarða	<i>Þorleifur Eiríksson</i>	<i>Böðvar Þórisson</i>
Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Vestfjörðum	<i>Laufey Jónsdóttir</i>	<i>Sigfríður Hallgrímsdóttir</i>
Útvegsmannafélag Vestfjarða	<i>Einar Valur Kristjánsson</i>	<i>Kristján G. Jóakimsson</i>
Vinnuveitendasamband Vestfjarða	<i>Einar Jónatansson</i>	<i>Kristján G. Jóhannsson</i>

Formaður fulltrúaráðsins er *Helgi Ólafsson* og varaformaður *Lilja Rafney Magnúsdóttir*.

Aðalfundur fulltrúaráðsins fyrir árið 2005 var haldinn 21. júní 2005. Fulltrúaráðið kom auk þess saman 9. mars 2005 til að ræða aðkomu Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða að Háskólasetri Vestfjarða.

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða var kjörin árið 2004 til tveggja ára. Hana skipa:

Ólína Þorvarðardóttir, formaður.
Aðalsteinn Óskarsson, ritari
Kristján G. Jóhannsson, meðstjórnandi.

Varamenn:

Guðbjartur Ólason, Lilja Rafney Magnúsdóttir og Einar Valur Kristjánsson.

Stjórnin hélt 10 bókaða fundi á árinu 2005. Auk stjórnarmanna og forstöðumanns sat formaður fulltrúaráðsins stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétti.

Starfsfólk

Smári Haraldsson forstöðumaður í 100% starfi.

Brynjar Ingason var í 100 % starfi á árinu 2005. Brynjar sá um bókhald og samskipti við háskóla og háskólanema auk annarra starfa. Brynjar lét af störfum í janúar 2006.

Lísbet Guðmundsdóttir sá um ræstingar. Lísbet lét af störfum 31. desember 2005.

Elísabet Kristín Einarsdóttir var í 50% starfi til 31. júlí 2005, en lét þá af störfum. Elísabet sá um símsvörun, eldhús og almenn skrifstofustörf. Ráðning hennar var tímabundin með styrk frá Tryggingastofnun og Bolungarvíkurkaupstað.

Þuríður Sigurðardóttir var í 100% starfi. Hún vann við skipulagningu námskeiða, skráningu þeirra og umsjón, auk annarra starfa. Í desember 2005 lækkaði starfshlutfall Þuríður niður í 50%. Frá og með 1. janúar 2006 sér Þuríður um bókhald Fræðslumiðstöðvarinnar.

Þeim sem létu af störfum hjá Fræðslumiðstöðinni eru þökkuð góð störf og ánægjulegt samstarf.

Samantekt um árið 2005

Húsnæði og búnaður


Aðalsetur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða var á árinu 2005 áfram að Eyrargötu 2-4 á Ísafirði, þar sem miðstöðin leigði um 400 m² húsnæði á góðum kjörum af Hraðfrystihúsinu Gunnvöru hf.

Á árinu 2005 var lítið um fjárfestingar hjá Fræðslumiðstöðinni. Keyptur var lítill fjarfundabúnaður með linsu ásamt PC tölvu. Í lok ársins var Háskólasetri Vestfjarða seldur búnaður fyrir 695 þúsund krónur (sjá eignaskrá í viðauka I).

Auk framlags á fjárlögum fékk miðstöðin sérstaklega 5 mkr. til eflingar háskólanáms og símenntunar á Vestfjörðum samkvæmt samkomulagi menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra um átak í menntun og menningu á landsbyggðinni. Framlagið fékkst reyndar ekki greitt út fyrr en í febrúar 2005.

Sí- og endurmenntun

Á árinu 2005 hélt Fræðslumiðstöðin 58 námskeið (37 árið 2004) í 69 hópum (65) (1. mynd).




1. mynd. Fjöldi námskeiða og hópa hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000-2005.

Námskeiðshópar skiptust þannig að undir flokkinn *atvinnulíf* féllu 15 hópar, undir *endurmenntun* 23, undir *tungumál* 15, *tómstundir* 9 og *tölvur* 8. Nánari sundurliðun námskeiða er í viðauka II.


Námskeiðið *Vélgæsla* var haldið í samvinnu við Guðmund Einarsson. Sá hann um alla kennslu en Fræðslumiðstöðin annaðist auglýsingar, skráningu og útgáfu skírteina.

Fjöldi þátttakenda á námskeiðum árið 2005 var 795 (681). Er þetta nokkur fjölgun frá árinu 2004, en heldur færri en árið 2003 (2. mynd).




2. Mynd. Fjöldi þátttakenda á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2005.

Árið 2005 voru námskeiðin samtals 18.147 nemendastundir (fjöldi þátttakenda margfaldað með lengd námskeiðs í kennslustundum) samanborið við 13.555 árið 2004 og 28.283 árið 2003 (3. mynd).




3. mynd. Fjöldi nemendastunda á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2005.

Á milli ára er mestur breytileiki í íslensku fyrir útlendinga. Starfsmenntasjóðurinn Landsmennt, sem staðið hafði að mestu undir kostnaði af kennslunni, var fjárvana á vormisseri 2004 og féllu því öll íslenskunámskeið niður á þeirri önn. Veturinn 2004-2005 var lítil íslenskukennsla, en á haustönn 2005 náðist loks að blása nokkru lífi í íslenskukennsluna aftur. Á 4. mynd er yfirlit yfir íslenskukennsluna árin 2000 – 2005.




4. mynd. Fjöldi nemendastunda í íslensku fyrir útlendinga árin 2000 – 2005.

Tekjur af sí- og endurmenntun og óhefðbundnu námi voru um 10.6 mkr. (9,7) en gjöld um 8.8 mkr. (6,7) . Tekjur umfram gjöld voru því um 1,8 mkr. samanborið við 3,0 mkr. árið 2004 (5. mynd).




5. mynd. Tekjur og gjöld af sí- og endurmenntun hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2005.

Flestir þátttakendur voru sem áður á aldrinum 25-54 ára (6. mynd).




6. mynd. Aldursdreifing þátttakenda á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árið 2005.

Konur voru 497 (62,5%) og karlar 298 (37,5%). Konur hafa alltaf verið fleiri en karlar þótt körlum virðist fara hlutfallslega fjölgandi (7. mynd).




7. mynd. Hlutfallslegur fjöldi karla og kvenna á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2001- 2005.

Þátttakendur á námskeiðum voru alls staðar af Vestfjörðum. Langflestir voru frá Ísafirði og Hnífsdal (póstnúmer 400 og 410), en sem hlutfall af íbúafjölda var skipting jafnari (8. og 9. myndir).




8. mynd. Skipting þátttakenda á námskeiðum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2005 eftir búsetu.



9. mynd. Hlutfallsleg skipting þátttakenda miðað við íbúafjölda á námskeiðum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2005.

Háskólastigið

Erfitt er að fá öruggt yfirlit yfir fjölda fjarnema í háskólanámi á Vestfjörðum. Á 10. mynd sést fjöldi fjarnema eftir árum miðað við innritanir á haustönnum.



10. mynd. Fjöldi fjarnema á háskólastigi á Vestfjörðum haustin 2001-2005.

Á skrá hjá Fræðslumiðstöðinni haustið 2005 voru 155 fjarnemar (163), 103 konur og 52 karlar. Flestir voru við Kennaraháskóla Íslands, samtals 55 (66) nemendur, við Háskólann á Akureyri voru 52 (52) og við Háskóla Íslands 21 (21). Við aðra skóla voru færri nemendur (viðauki III).

Á árinu 2005 sá Fræðslumiðstöðin um að halda 211 próf fyrir háskóla (167 árið 2004). Próftakar voru 485 (506) og í yfirsetu fóru 315 klukkustundir (304).

Markviss og önnur ráðgjöf

Lokið var við Markviss greiningu og gerð fræðsluáætlana fyrir Orkubú Vestfjarða hf og Heilbrigðisstofnunina Ísafjarðarbæ.

Almennar upplýsingar um Markviss er að finna á vefnum www.markviss.com.

Auk Markviss ráðgjafar var sinnt margvíslegri ráðgjöf fyrir einstaklinga. Virðist vera mikil og vaxandi þörf á náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna. Fræðslumiðstöðin hefur getað sinnt þessu að takmörkuðu leyti vegna annarra verkefna og skorts á náms- og starfsráðgjafa.

Vika símenntunar

Menntamálaráðuneytið hefur undanfarin ár helgað símenntun eina vika á ári. Hefur ráðuneytið falið *Mennt – samstarfsvettvangi atvinnulífs og skóla*, að sjá um framkvæmd og skipulagningu vikunnar í landinu. Mennt hefur fengið fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni til að annast vikuna hver á sínu svæði. Að þessu sinni ákváðu skipuleggjendur að hverri miðstöð væri í sjálfsvald sett hvenær vikan væri haldin á hverju svæði.

Á Vestfjörðum var vika símenntunar haldin 25. – 30. september. Þrátt fyrir að hverri miðstöð væri í sjálfsvald sett hvenær vikan væri haldin var hún á flestum stöðum haldin á þessum tíma. Var þetta heldur síðar en undanfarin ár.

Samstarfsaðilar Fræðslumiðstöðvarinnar um viku símenntunar voru Alþýðusamband Vestfjarða, Bæjar- og héraðsbókasafnið, Ísafirði, Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum og Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða.

Vikan var styrkt af menntamálaráðuneytinu og starfsmenntaráði.

Voru haldnar svokallaðar kvöldvökur á Bíldudal, Hólmavík og Ísafirði og vinnustaðir heimsóttir. Dagskrá vikunnar er í viðauka IV.

Ráðstefnur og sérverkefni

Föstudaginn 22. apríl gekkst Fræðslumiðstöð Vestfjarða í samstarfi við Fjölmeningarsetur fyrir ráðstefnunni *Öll erum við íslenskukennarar*. Á ráðstefnunni voru flutt 7 framsöguerindi og unnið hópastarf. Aðalframsögumaður var dr. Carolyn Kristjánsson, prófessor við Trinity Western University. Þátttakendur á ráðstefnunni voru 35 auk frummælenda. Var ráðstefnan haldin í Hömrum á Ísafirði. Ráðstefnan var að fullu styrkt af starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða stóð fyrir námskeiði fyrir starfsfólk, leiðbeinendur og stjórn miðstöðvarinnar, sem hafði það að markmiði að þjappa fólki saman og auka fagmennsku í starfi. Var námskeiðið haldið í Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi dagana 20. og 21. ágúst 2005. Leiðbeinandi var Sigrún Jóhannesdóttir sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ásamt forstöðumanni Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Námskeiðið var styrkt af starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða rak nám í svæðisleiðsögn á árinu. Námið hófst haustið 2004 og því líkur vorið 2006. Eru líkur á að rúmlega 20 nemendur ljúki náminu sem svæðisleiðsögumenn á Vestfjörðum. Eru nemendur bæði frá Vestfjörðum og Vesturlandi.

Svæðisleiðsögunámið var rekið í samstarfi við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi og mun hluti hópsins einnig ljúka námi sem svæðisleiðsögumenn á Vesturlandi.

Nokkrir styrkir fengust til svæðisleiðsögunámsins, einkum frá starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins, Ferðamálasamtökum Vestfjarða, Ferðamálasamtökum Vesturlands og nokkrum sveitarfélögum.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur undanfarin ár séð um endurmenntun fyrir grunnskólakennara og skólastjóra á Vestfjörðum. Síðast liðið haust var, í samstarfi við Skólastjórafélag Vestfjarða, tekin upp sú nýbreytni að auglýsa eftir hugmyndum heimamanna um endurmenntunarnámskeið fyrir þennan hóp. Var þetta gert undir kjörorðinu *Fræðsluhönnun í heimabyggð*. Virðist þessi tilraun ætla að takast mjög vel. Verða nú í sumar boðin 9 námskeið fyrir kennara og skólastjóra í grunnskólum og þar af verða 6 þeirra hönnuð og kennd af heimafólki. Á undanförunum árum hafa langflest endurmenntunarnámskeið þessara hópa verið fengin annars staðar frá. Með þessari

breytingu haldast fjármunir í heimabyggð, auk þess sem umtalsverð þekkingarsköpun verður til að hönnun námskeiðanna.

Samstarf

Fræðslumiðstöðin á í margvíslegu samstarfi, jafnt innan héraðs sem utan. Skulu hér nefndir helstu samstarfsaðilar.

Háskólasetur Vestfjarða

Háskólasetur Vestfjarða var stofnað 12. mars 2005.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Háskólasetur Vestfjarða undirrituðu þann 23. júní 2005, samstarfssamning um símenntun- og fullorðinsfræðslu og þjónustu við nemendur vegna háskólanáms. Á grundvelli þess samnings undirrituðu svo sömu aðilar samning um húsaleigu og skiptingu kostnaðar við sameiginlegan rekstur að Suðurgötu 12 á Ísafirði.

Frá og með skólaárinu 2005-2006 tók Háskólasetur Vestfjarða við umsjón með fjarnámi á háskólastigi. Vegna þess að Háskólasetrið tók ekki til starfa fyrir en um áramótin 2005/2006 fól það Fræðslumiðstöðinni, með sérstöku samkomulagi, að annast það verkefni áfram svo sem verið hefur. Frá og með 1. janúar 2006, þegar Háskólasetrið tók formlega til starfa, færðist öll umsjón með fjarnámi á háskólastigi og samstarf við háskóla til setursins.

Kvasir

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa með sér formlegt samstarf innan samtaka sem kallast Kvasir. Eru miðstöðvarnar 9. Hlutverk Kvasis verður sífellt þýðingarmeira fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni.

Kvasir heldur tvo fasta fundi á ári, vorkund og haustfund, sem jafnframt er aðalfundur. Helstu verkefni sem unnið var að innan Kvasis á árinu 2005 voru samskipti við menntamálaráðuneytið og fjárveitingavaldið, samskipti við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, rekstur Markviss greiningarkerfisins og að afla fjármagns og vinna að því að hafin verði fjarkennsla í náms- og starfsráðgjöf.

Á árinu 2005 gerðist Kvasir aukaáðili að Förbundet Nordisk Vuxenuþplýsning (FNV).

Leikn

Þann 25. apríl 2005 voru stofnuð samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi. Hlutu samtökin nafnið Leikn. Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðsluaðilar eða frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni (nonprofit), eru sjálfstæðir rekstraraðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis. Aðilar að samtökunum eru nú 16.

Meginhlutverk samtakanna er að koma fram fyrir hönd fullorðinsfræðslunnar jafnt innan lands sem utan. Leikn tók við sæti Kvasis í Evrópsku fullorðinsfræðslusamtökunum (EAEA) og hefur tekið upp samstarf með öðrum norrænum heildarsamtökum innan fullorðinsfræðslu.

FS-netið og Menntabré

Fræðslumiðstöð Vestfjarða átti aðild að FS-netinu sem er háhraða gagnaflutningsnet sem þjónar framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni. Frá og með áramótum 2005/2006 gerði menntamálaráðuneytið Háskólasetur Vestfjarða aðila að FS-netinu í stað Fræðslumiðstöðvarinnar.

Fræðslumiðstöðin er þó áfram eignaraðili að Menntabrénni, ásamt öðrum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni, Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Á hver þessara þriggja aðila 1/3 af brúnni. Fræðslumiðstöð Vestfjarða á 1/9 af hluta fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna, eða 1/27 af brúnni. Miðstöð brúarinnar er staðsett í Háskóla Íslands. Hefur brúin reynst mjög vel og er bæði örugg og ódýr í rekstri.

Fjölmenningssetur

Fræðslumiðstöðin á í margvíslegu samstarfi við Fjölmenningssetur um íslenskukennslu fyrir útlendinga, nám í samfélagstúlkun og fleira sem tengist útlendingum á Íslandi. Hafa fengist nokkrir styrkir til þessara verkefna frá menntamálaráðuneytinu, Starfsmenntaráði og Bygðastofnun.

Dreifmenntarverkefnið

Grunnskólarnir í Vesturbyggð og á Tálknafirði ásamt menntamálaráðuneytinu unnu að verkefni um dreifmenntun innan grunnskólanna. Fræðslumiðstöðin tengist verkefninu á þann hátt að nettengingar skólanna eru í gegnum Fræðslumiðstöðina, þannig að skólarnir eru skilgreindir sem útstöðvar frá miðstöðinni. Í staðinn fær miðstöðin aðstöðu í skólunum fyrir fullorðinsfræðslu. Þessu verkefni líkur vorið 2006.

Annað samstarf

Af öðrum aðilum innan Vestfjarða sem Fræðslumiðstöðin átti einkum samstarf við á árinu má nefna Menntaskólann á Ísafirði, Atvinnuþróunarfélagið, Svæðisvinnumiðlun, Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, grunnskóla á Vestfjörðum og stéttarfélag, auk margra fyrirtækja og stofnana í fjórðungnum.

Af aðilum utan fjórðungsins voru helstu samstarfsaðilar flestir háskólar landsins, Endurmenntunarstofnun, Símenntunarstofnun, Framvegis – miðstöð símenntunar í Reykjavík, Menntafélagið ehf., Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Mímir – símenntun, Fjölmenn, Starfsmenntaráð, Fræðslusetrið Starfsmennt og starfsmenntasjóðirnir Landsmennt, Ríkismennt og Sjómennt.

Fræðslumiðstöðin er aðili að Mennt – samstarfsvettvangs atvinnulífs og skóla. Þá er Fræðslumiðstöðin aðili að verkefninu *Vestfirðir á miðöldum*.

Starfsáætlun 2006

Fræðslumiðstöð Vestfjarða flutti úr húsnæði Hraðfrystihússins Gunnvarar hf., að Eyrargötu 2-4 í byrjun janúar 2006 og að Suðurgötu 12 á Ísafirði. Þar leigir miðstöðin skrifstofuaðstöðu og herbergi fyrir tölvuver gegn fastri mánaðargreiðslu. Leiga fyrir aðrar kennslustofur fer eftir notkun.

Auk þess að skipta um húsnæði breyttist starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar á þann veg að Háskólasetur Vestfjarða tók alveg við þjónustu við fjarnema á háskólastigi og samskipti við háskóla. Vegna minnkaðrar starfsemi og fjárhagserfiðleika var stöðugildum við miðstöðina fækkað um áramót úr 3 í 1,5.

Á vorönn 2006 hafa verið haldin námskeið fyrir 42 hópa, samanborið við 32 hópa á sama tíma í fyrra. Nemendastundir eru orðnar 7.671 (8.990) og fjöldi þátttakenda 394 (364).

Fræðslumiðstöðin hefur undirritað rammisamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og gert tvo samninga á grundvelli hans við FA. Er annar þeirra um styrk fyrir náms- og starfsráðgjöf, sem samsvarar um það bil hálfu stöðugildi á ársgrunni. Hinn samningurinn er um kennslu á námsvísunum sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur samþykkt að meta megi til eininga í framhaldsskólum.

Fulltrúar Fræðslumiðstöðvar málmiðnaðarins komu í heimsókn hingað vestur nú í vor og bráðlega er von á fulltrúum frá starfsmenntasjóðnum Sjómennt. Er vonandi að samstarf við þessa aðila skili auknum verkefnum til Fræðslumiðstöðvarinnar.

Æskilegt væri að unnt yrði að ráða náms- og starfsráðgjafa að Fræðslumiðstöðinni frá og með næsta hausti. Aðrar miðstöðvar innan Kvasis hafa nú þegar ráðið slíka starfsmenn eða hyggjast gera það. Kvasir fékk nú í vetur styrk úr starfsmenntasjóði til að greiða fyrir fjarkennslu frá Háskóla Íslands í náms- og starfsráðgjöf, en hörgull hefur verið á fólki með slíka menntun.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða þarf nauðsynlega að gera sig meira gildandi í fjarkennslu. Í því fámenni og strjálbýli sem við búum við er það nauðsynlegt til að halda uppi lágmarks framboði á námi. Með því að taka upp fjarkennslu væri einnig möguleiki á að við gætum kennt frá okkur til annarra landshluta. Til að koma þessu í kring þarf miðstöðin að finna leiðir til að ráða manneskju sem getur aðstoðað leiðbeinendur við að koma námsefni í fjarkennsluhæft form og hjálpa þeim við þá tækni sem þeir þurfa að nota. Einnig þarf að aðstoða nemendur á fjarenda að nýta sér námstilboðin.

Í þessu sambandi væri rétt að kanna hvort hægt væri að taka upp samstarf við Menntaskólann á Ísafirði og Háskólasetrið um að ráða slíka manneskju og sækja um styrk til verkefnisins í Vaxtarsamning Vestfjarða.

Við tímamót sem þessi er eðlilegt að staða Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða sé metin frá grunni; fyrir hvað stendur miðstöðin, hvar stendur hún, hvað gengur vel og hvað miður og hvert skal stefna?

Hugtakið fullorðinsfræðsla nær í víðasta skilningi yfir alla fræðslu sem fullorðnu fólki er veitt á skipulagðan hátt. Hugtakið nær yfir alla fræðslu og nám fullorðinna utan hins hefðbundna skólakerfis og ennfremur innan þess ef fræðslan er einkum ætluð

öðrum aldri en viðkomandi er á. Oftast er þó hugtakið látið taka til grunnmenntunar þeirra sem hafa stutta skólagöngu og til allrar sí- og endurmenntunar.

Fullorðinsfræðsla hefur hin síðari ár verið að formgerast sem sérstök grein innan menntunar- og kennslufræða. Fræðimenn hafa lýst því hvað aðgreinir hinn fullorðna námsmann frá börnum og unglingum og bent á hvaða kennslufræðilegar nálganir væru heppilegastar við kennslu fullorðinna og til að skapa þeim námsvænt umhverfi.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur reynt að fylgjast með þeim straumum sem leikið hafa um fullorðinsfræðsluna og að taka tillit til þeirra kenninga sem helst eru taldar koma að gagni, auk þess að byggja á reynslu starfsmanna og starfsfélaga annars staðar.

Almennt gildir það að því styttri skólagöngu sem fólk hefur og því verri upplifun, sem það hefur frá skólagöngu sinni, þeim mun mikilvægari eru hvers kyns styrkingar í námi. Þess vegna hefur Fræðslumiðstöðin fyrst og fremst stuðst við húmanískar hugmyndir um nám og fræðslustarf. Með húmanískum nálgunum er fyrst og fremst litið á líðan og þarfir nemandans. Nemandinn mun læra ef honum líður vel. Allt er nemendamiðað en síður stofnanamiðað. Áherslan er á einstaklinginn, sem ber sjálfur höfuðábyrgð á námi sínu. Kennarinn er fremur sem verkstjóri. Námið er mikilvægara en kennslan. Nægilegt er að búa til heppilegt námsumhverfi (námssamfélag) vegna þess að fólk vill í eðli sínu læra. Nám er þó ennfremur að einhverju leyti félagsleg athöfn. Þess vegna má finna snefil af félagsnámslegum hugmyndum í skipulagi Fræðslumiðstöðvarinnar.

Þegar unnið er út frá ákveðnum kennslufræðilegum hugmyndum tekur skipulagið mið af þeim. Samkvæmt húmanískum kennisetningum er t.d. leitast við að skapa notalegt umhverfi þar sem fólk finnur til öryggis. Það er reynt að skapa heimilislegan anda en ekki stofnanalegan. Allt er haft eins opið og unnt er og fólk er jafnvel hvatt til að koma með persónulega muni á vinnustaðinn í stað þess að hafa hann of stofnanalegan.

Þegar Fræðslumiðstöðin var ein og eigin herra var auðvelt að skipuleggja umhverfið eins og best þótti henta. Þegar miðstöðin er orðin leiguliði hjá Háskólasetrinu, í samstarfi við aðrar stofnanir, verður að reyna að gera það besta úr hlutunum þótt miðstöðin hafi lítið með það að gera hvernig aðbúnaðurinn er.

Fyrir utan þann galla sem hér hefur verið nefndur, að Fræðslumiðstöðin býr nú við aðstöðu sem hún hefur að mjög litlu leyti komið að skipulagningu á, þá óx húsnaðiskostnaður miðstöðvarinnar umtalsvert við flutninginn. Að auki þarf miðstöðin nú að borga leigu fyrir kennslustofur í beinu hlutfalli við notkun, sem þýðir að hækka þarf lágmarksfjölda í hópum. Það getur komið sér illa þar sem mjög oft er verið að vinna með lágmarkstærð hópa.

Kosturinn við núverandi aðstöðu er að hún er hlýrri og huggulegri en hin eldri og nábylið við Háskólasetrið og aðrar stofnanir í húsinu gefur vissa möguleika. Þannig vegast á kostir og gallar og er þá eðlilegt að reyna að útiloka gallana en ýta undir kostina.

Áður en ákvörðun verður tekin um hvert Fræðslumiðstöðin á að stefna og ráðnir verða fleiri starfsmenn er rétt að stjórn og starfsfólk framkvæmi nokkra greiningar á stöðu

miðstöðvarinnar. Þá vinnu þarf að gera nú í júní. Lausleg SVÓT greining á stöðu Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða gefur þessar vísbendingar.

Styrkleikar

Þekking og reynsla.
Góð tengsl við nær umhverfið.
Öflugt tengslanet út á við.
Jákvæð ímynd.

Veikleikar

Fámenn stofnun.
Fræðslumiðstöðin er fjárhagslega veik.
Svæðið er fámennt og strjálbýlt.

Ógnanir

Starfsmenn brenni út.
Nýir aðilar í menntageiranum komi fram í héraði.
Aðilar annars staðar komi inn á svæðið með fjarkennslu og/eða staðbundna kennslu.

Tækifæri

Fullorðinsfræðsla er vinsæl, má jafnvel kallast í tísku.
Fjármagn í sí- og endurmenntun vex hratt.
Lágt menntunarstig á Vestfjörðum.
Möguleiki á að taka að sér umsjón með sí- og endurmenntun í fyrirtækjum og stofnunum.
Miðstöðin er í skapandi umhverfi.

Viðaukar

Viðauki I

Eignaskrá 31.12.2005.

	Dags.	Seljandi/reikningur	Lýsing	Upphæð
1.	18.12.99.	Snerpa	Fujitsu tölva ásamt fylgihlutum og forritum, auk laser prentara og myndlesara.	314.606
2.	18.07.00.	Próunarsetur (Furniture Danm)	Stólar í sal	46.065
3.	20.07.00.	Próunarsetur (Furniture Danm)	Húsgögn í sal Þróunarsetri	677.331
4.	20.07.00.	Próunarsetur (Furniture Danm)	Húsgögn í sal Þróunarsetri	322.669
5.	16.08.00.	Húsgagnaloftið	Bókahillur á skrifstofu	49.950
6.	13.11.00.	Húsgagnaloftið	Skrifborð og hilla á skrifstofu	116.070
7.	13.11.00.	Inn X Innréttingar ehf	Skrifborðsstólar á skrifstofu	39.800
8.	08.03.00.	Próunarsetur (Bókhlaðan)	Búnaður og tæki í fundarsal Þróunarsetri	828.228
9.	22.03.00.	Tölvumót	Náma - skráningarforrit	288.815
10.	05.10.00.	Fjórðungssamband Vestfjarða	Fjarfundabúnaður	2.959.734
11.	03.11.00.	Landssíminn	GSM sími (v/hjúkrunarfræði)	19.961
12.	19.03.01.	Skólavörubúðin Atvinnuþróunarfélag	Myndvarpi	38.879
13.	22.05.01.	Vestfjarða	Hluti í bókhaldsforriti / Fjölirnir	85.233
14.	08.09.01.	Vestmark	Fjarfundabúnaður	500.000
15.	11.10.01.	Snerpa	Tvær tölvur f.háskólasetur/1 Ísaf., 1 Patró	339.800
16.	13.09.01.	Neyðarþjónustan ehf	Talnalás fyrir háskólasetur á Ísafirði	27.125
17.	11.09.01.	Bræðurnir Ormsson ehf	Ljósritunarvél Patró (faxtæki og prentari)	107.500
18.	03.10.01.	Hafsteinn Vilhjálmsson	Þvottavagn og tilheyrandi	25.093
19.	07.02.02.	Nexus ehf	Tölva	102.203
20.	20.02.02.	Nýherji	Fjarfundabúnaður á Patreksfjörð	721.972
24.	02.04.02.	Vest-Mennt	Fjarfundabúnaður	373.500
25.	12.04.02.	Tölvumót	Náma - skráningarforrit	318.845
26.	18.07.02.	Nýherji	Fjarf.búnaður í Árneshrepp (Er á Ísafirði)	713.173
27.	05.08.02.	Sjónvarpsmiðstöðin	Sjónvarp í Árneshrepp	139.990
28.	17.08.02.	Bókhlaðan	Digital myndavél m/ korti	60.880
29.	19.08.02.	Snerpa ehf	Skjávarpí + DVD	245.483
30.	28.08.02.	Trésmiðjan ehf	Borð o.fl.	1.088.006
31.	09.09.02.	Netos	Húsbúnaður í Íshúsfélagshúsi	99.850
32.	19.09.02.	Húsgagnaloftið	Stólar	330.300
33.	02.10.02.	Trésmiðjan ehf	Borð	119.520
34.	21.10.02.	Bókhlaðan	Faxtæki	39.900
35.	02.11.02.	Snerpa	Tölvubúnaður í tölvustofu	104.465
36.	31.12.02.	Gott kaffi ehf / Jónatan Einarsson	Heimasíða	344.100
37.	03.06.03.	Straumur	Videótæki	26.992
38.	03.09.03.	Kvasir	Menntabú (Hlutur Fræðslumiðstöðvar)	621.423
39.	16.10.03.	Straumur	Sjónvarp	73.580
40.	16.10.03.	Nýherji	Fjarfundabúnaður og Visual concert	1.466.167
41.	24.10.03.	Snerpa	Fartölva	180.981

Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Ársskýrsla 2005

42.	15.11.03.	Bónus	Tölvuskjár	21.900
43.	18.11.03.	Nýherji	Myndvarpi og sýningartjald	38.024
44.	18.11.03.	Nýherji	Skjávarpi og fylgihlutir	315.975
45.	18.11.03.	Penninn	Prentari	109.900
46.	18.11.03.	Penninn	Innbindivél	15.900
47.	30.11.03.	Straumur	Videótæki	18.942
48.	18.12.03.	Penninn	Töfluafritari	70.744
49.	18.12.03.	Penninn	Tússtöflur og tjald	93.289
50.			Þráðlaust netsamband	20.000
51.	31.12.03.	Bókhlaðan	Rafmagnsheftari	29.125
52.	08.04.04.	TM Húsgögn	Skrifborð og stólar	93.594
53.	12.05.04.	Mál og menning	Tölvu- og netorðabækur	28.606
54.	21.10.04.	Valtýr Gíslason - .is	Tölvuvírusvarnir og uppfærslur	78.944
55.	01.12.04.	Microsoft	Microsoft leyfi (pakki)	183.427
	08.12.04.	Snjóflóðasetur - SALA	Seld húsgögn nr. 5 og 6. á kr. 75.000.	
			Upphaflegt kaupverð var kr. 166.020.	-166.020
			Fjarfundabúnaður PVX (lítill) og "auga"	
56.	03.02.05.	Nýherji		38.800
57.	03.02.05.	Valtýr Gíslason - .is	Tölva (Dell) fyrir fjarfundabúnað	79.900
			Seld 35 borð (nr. 30), 45 stólar (nr. 32), 3 tússtöflur (nr. 51), 2 sýningartjöld (nr. 49), samtals á kr. 695.000.	
58	23.12.05	Háskólasetur - SALA		-695.000
		Samtals eignir 31.12.2005		14.334.239

Viðauki II

Yfirlit yfir námskeið hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árið 2005.

Námskeið	Fjöldi kennslu- stunda	Staður	Fjöldi þátttak.			Nem- enda- stundir
			Kon- ur	Karl- ar	Alls	
Atvinnulífið (15)						
30 rúmlesta skipstjórnarnám	144	Ísafjörður		8	8	1.152
FSÍ - Félagsleg umönnun	18	Ísafjörður	10		10	180
FSÍ - Kvennavinnustaðir	6	Ísafjörður	14		14	84
FSÍ - líkamsbeiting/vinnustellingar	6	Ísafjörður	11		11	66
FSÍ - Réttindi og skyldur starfsmanna	6	Ísafjörður	11		11	66
Svæðisleiðsögn - áttunda lota	21	Ísafjörður	10	11	21	441
Svæðisleiðsögn - fimmta lota - Grundarfirði	20	Grundarfjörður	10	14	24	480
Svæðisleiðsögn - fjórða lota - Reykhólum	20	Reykhólar	10	17	27	540
Svæðisleiðsögn - níunda lota	19	Patreksfjörður	10	12	22	418
Svæðisleiðsögn - sjötta lota - Núpi	26	Dýrafjörður	8	13	21	546
Svæðisleiðsögn - þriðja lota - Bjarnarfirði	22	Bjarnarfjörður	8	16	24	528
Svæðisleiðsögunám - sjöunda lota	27	Heydalur	10	10	20	540
Vélgæsla	65	Sauðárkrókur		14	14	910
Vélgæsla	65	Patreksfjörður		9	9	585
Vinnustellingar og líkamsbeiting	6	Ísafjörður	6		6	36
Endurmenntun (23)						
Að takast á við erfiða einstaklinga	6	Ísafjörður	17	6	23	138
Breytingastjórnun í skólastarfi	16	Reykjavík	5	11	16	256
Fjármál heimilanna	6	Ísafjörður	2	1	3	18
Fljúgum hærra - Aukin fagmennska hjá	22	Reykjanes	6	3	9	198
Hraðlestrarnámskeið	6	Ísafjörður	6	3	9	54
Kennaranámskeið: Byrgjum brunninn	16	Ísafjörður	10		10	160
Kennaranámskeið: Einstaklingsmiðað nám	16	Ísafjörður	16	7	23	368
Kennaranámskeið: Leiklist í kennslu	8	Ísafjörður	5		5	40
Kennaranámskeið: Ritun á mið- og	8	Hólmavík	6	1	7	56
Kennaranámskeið: Sérkennsla	8	Ísafjörður	11		11	88
Kvennavinnustaðir - eðli og einkenni	3	Ísafjörður	9	2	11	33
Meðferð tækja og umönnun - fyrir	15	Ísafjörður	9		9	135
Millistjórnendur í opinberum rekstri	8	Ísafjörður	13	12	25	200
Reiðistjórnun barna og unglunga	12	Patreksfj/Bíldu	9		9	108
Samskipti við sjúklinga	15	Ísafjörður	24		24	360
Símenntun Bíldudal	4	Bíldudalur	10	1	11	44
Símenntun Hólmavík	4	Hólmavík	15	6	21	84
Símenntun Ísafjörður	4	Ísafjörður	4		4	16
Sjálfstyrking MFA	20	Bíldudalur	18	1	19	380
Skólastjórar - Almannatengsl og skólastarf	10	Reykjavík	4	7	11	110
Skólastjórar - kynnisferð til Skotlands	32	Skotland	7	6	13	416
Skyndihjálp	15	Ísafjörður	7		7	105
Skýrslur, minnisblöð og fundargerðir	12	Ísafjörður	3	3	6	72
Tómstundir (9)						
Býr hagyrðingur í þér?	3	Hólmavík		5	5	15
Dulspeki	4	Ísafjörður	9		9	36
Fuglar	3	Ísafjörður	4	9	13	39
Járningar og hófhirða hesta	21	Ísafjörður	4	2	6	126
Jólafondur	8	Ísafjörður	4	2	6	48
Ljósmyndanámskeið	16	Hólmavík	2	7	9	144
Tælensk matargerð	4	Ísafjörður	3	3	6	24
Tælensk matreiðsla	4	Hólmavík	5	4	9	36
Tilfinningagreind	6	Ísafjörður	9	1	10	60
Tungumál (14)						
Enska II	30	Ísafjörður	5	1	6	180

Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Ársskýrsla 2005

Íslenska fyrir útlendinga I	50	Patreksfjörður	16	9	25	1.250
Íslenska fyrir útlendinga I	50	Bolungarvík	7	2	9	450
Íslenska fyrir útlendinga I - hópur 1	50	Flateyri	10	15	25	1.250
Íslenska fyrir útlendinga I - hópur 2	50	Flateyri	7	3	10	500
Íslenska fyrir útlendinga I - Ísafjörður	50	Ísafjörður	5	2	7	350
Íslenska fyrir útlendinga II	50	Bolungarvík	8	2	10	500
Íslenska fyrir útlendinga II	50	Bolungarvík	7	5	12	600
Íslenska fyrir útlendinga II	50	Patreksfjörður	4		4	200
Íslenska fyrir útlendinga II - Tálknafjörður	50	Tálknafjörður		2	2	100
Íslenska fyrir útlendinga III - Tálknafjörður	50	Tálknafjörður	6	5	11	550
Spænska I	30	Ísafjörður	8	1	9	270
Spænska II	30	Ísafjörður	4	1	5	150
Pýska I	30	Hólmavík	3	4	7	210
Tölvur (8)						
Photoshop Elements	12	Ísafjörður	1	7	8	96
Photoshop Elements	12	Patreksfjörður	7	4	11	132
Tölvunám 1 fyrir fatlaða	20	Ísafjörður		2	2	40
Tölvunám fyrir byrjendur	36	Hólmavík	11	1	12	432
Tölvunám fyrir byrjendur	36	Drangsnæs			0	0
Tölvur fyrir eldri borgara - framhald	12	Ísafjörður	4	1	5	60
Tölvur fyrir eldri borgara	30	Ísafjörður	4	4	8	240
Tölvur fyrir tónlistarkennara 2	8	Ísafjörður	6		6	48
	1.592		497	298	795	18.147

Viðauki III

Skipting fjarnema á háskólastigi veturinn 2005-2006.

	Alls	Kyn		Svæði			Strand-ir	
		Kon-ur	Karl-ar	Reyk - hólar	Suður -svæði	Norður -svæði		
Heilbrigðisdeild. Hjúkrunarfræði	HA	5	5				5	
Grunnskólabraut	HA	10	3	7			10	
Leiksskólabraut	HA	9	9		1		8	
Fjármálabraut	HA	4	3	1			4	
Líftækniabraut	HA	3	2	1			3	
Markaðsfræðiabraut	HA	3	1	2			3	
Stjórnunarbraut	HA	12	8	4	1	2	9	
Mannauðsstjórnun	HA	4	1	3			4	
Utan deilda	HA	1	0	1			1	
Kennsluréttindadám	HA	1	1				1	
Háskólinn á Akureyri		52	33	19	1	3	48	0
Hjúkrun fullorðinna - diplómanám	HÍ	6	6				6	
Enska	HÍ	1	1				1	
Opinber stjórnsýsla - MBA	HÍ	3	1	2		1	2	
Íslenska	HÍ	5	4	1			5	
Sagnfræði	HÍ	2	1	1			2	
Félagsráðgjafaskor	HÍ	2	2				2	
Náms- og starfsráðgjöf	HÍ	1	1			1		
Löggilding fasteigna,- fyrirtækja og skipasala	HÍ	1		1			1	
Háskóli Íslands		21	16	5	0	2	19	0
Iðnfræði	HR	11		11			11	
Tölvunarfræði	HR	5	1	4			5	
Háskólinn í Reykjavík		16	1	15	0	0	16	0
Fjölmennning (Framhaldsdeild)	KHÍ	1	1				1	
Fullorðinsfræðsla (Framhaldsdeild)	KHÍ	2	1	1			2	
Kennslufræði og skólastarf (Framhaldsdeild)	KHÍ	2	2				2	
M.Ed (Framhaldsdeild)	KHÍ	2	1	1			1	1
Nám og kennsla ungra barna (Framhaldsdeild)	KHÍ	3	3			1	2	
Sérkennslufræði (Framhaldsdeild)	KHÍ	3	3				3	
Stjórnun menntastofnana (Framhaldsdeild)	KHÍ	3	3			1	2	
Þroskþjálfufræði (Framhaldsdeild)	KHÍ	1	1				1	
Grunnskólabraut (Grunndeild)	KHÍ	19	19				13	6
Kennsluréttindanam (Grunndeild)	KHÍ	2	1	1			2	
Leikskólabraut (Grunndeild)	KHÍ	6	6			1	4	1
Tómstundabraut (Grunndeild)	KHÍ	4	1	3			3	1
Þroskþjálfabraut (Grunndeild)	KHÍ	5	5		1		4	
Gestir (1 í framhaldsdeild og 1 í grunndeild)	KHÍ	2	2				2	
Kennaraháskóli Íslands		55	49	6	1	3	42	9
Upplýsingar frá Hólaskóla bárust ekki	Hól	0						
Hólaskóli		0	0	0	0	0	0	0
Landbúnaðarháskóli Íslands	LÍ	4	3	1			2	2
Landbúnaðarháskóli Íslands		4	3	1	0	0	2	2

Enginn í fjarnámi frá Listaháskólanum	LHÍ							
Listaháskóli Íslands	LHÍ	0	0	0	0	0	0	0
Fjöltækniskóli Íslands (áður Menntafélagið)		4		4		2	2	
Fjöltækniskóli Íslands	FÍ	4		4	0	2	2	0
Viðskiptafræði (Vantar uppl.um meistaránema)	VB	3	1	2		3		
Viðskiptaháskólinn Bifröst		3	1	2	0	3	0	0
Samtals		155	103	52	2	13	129	11

Viðauki IV

Dagskrá viku símenntunar 2005.

Vika símenntunar á Vestfjörðum var haldin dagana 25. – 30. september.

Að vikunni stóðu, í samvinnu við Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Alpýðusamband Vestfjarða, Bæjar- og héraðsbókasafnið, Ísafirði, Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum og Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða.

Auglýsing á vikunni var svohljóðandi:

Dagskrá vikunnar

Sunnudagur 25. september.

Kvöldvaka í Gamli Barnaskólinn á Bíldudal. Hefst kl. 20.

Mánudagur 26. september.

Heimsókn á vinnustaði á Patreksfirði og Tálknfirði.

Priðjudagur 27. september.

Kvöldvaka í Faktorshúsinu í Hæstakaupstað á Ísafirði. Hefst kl. 20.

Miðvikudagur 28. september.

Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir á Hólmavík.
Kvöldvaka í Kaffi Riis á Hólmavík. Hefst kl. 20

Fimmtudagur 29. september.

Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir á Drangnesi.

Á Vestfjörðum verður boðið upp á kvöldvökur með hrinu stuttra námskeiða til gagns og gleði. Kvöldvökurnar hefjast kl. 20 og standa um það bil í tvær og hálf klukkustund. Aðgangur er ókeypis.

Dagskrá kvöldvökkunnar

Það er leikur að læra.

Smári Haraldsson, forstöðumaður Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

Starfsþróun og áhugamat.

Guðrún Stella Gissurardóttir forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Vestfjara.

Að námskeiðinu loknu býður Guðrún Stella fólki að taka áhugasviðspróf sér að kostnaðarlausu.

Námsstyrkir og umsóknir um þá.

Pétur Sigurðsson forseti Alpýðusambands Vestfjarða og
Anna Kristín Svansdóttir, framkvæmdastjóri Fos-Vest.

Davíðsljóð með vöfllum og ástarvikusultu.

Soffía Vagnsdóttir og Ylfa Mist Helgadóttir, fjöllistakonur